

AUGLÝSING

um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 127. löggjafarþings, frá 14. desember 2001 til 22. janúar 2002.

Gjört á Bessastöðum, 13. desember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

Alþingi samþykkti hinn 14. desember 2001 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 127. löggjafarþings, frestað hinn 14. desember 2001.

Forsætisráðuneytinu, 14. desember 2001.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.